

Upplýsingablað til búsetufélaga um rafræna vöktun

Rafræn vöktun getur verið mikilvæg leið til að auka öryggi og vernda sameign íbúa. Hún hefur þó jafnframt áhrif á friðhelgi og réttindi einstaklinga. Því er nauðsynlegt að vöktun sé ávallt framkvæmd með ábyrgum hætti og í samræmi við lög og reglur Persónuverndar.

Samvinna Búseta og búsetufélaga er lykilatriði til að tryggja að öll rafræn vöktun sé rétt metin, samþykkt og útfærð. Með því að vinna saman tryggjum við að:

- öryggi íbúa séu höfð að leiðarljósi,
- réttindi allra séu virt,
- og ábyrgð sé skýr og gagnsæ.

Þetta upplýsingablað er ætlað að vera leiðarvísir fyrir búsetufélög um hvaða skilyrði og verklag þarf að fylgja þegar óskað er eftir heimild til að koma upp rafrænni vöktun.

Skilyrði fyrir uppsetningu

- Upplýsa þarf Búseta um ósk búsetufélags til að setja upp rafræna vöktun. Ekki má setja upp rafræna vöktun án vitundar og samþykkis Búseta.
- Með ósk búsetufélags um að setja upp eftirlitsmyndavélar skulu fylgja með upplýsingar um áætlaðan fjölda myndavéla, staðsetningu þeirra og það svæði sem þeim er ætlað að vakta.
- Starfsmaður Búseta framkvæmir nauðsynjamat í samvinnu við búsetufélagið þar sem gerð er grein fyrir þeirri þörf sem vöktunin á að mæta. Starfsmaður Búseta metur þörfina og hvort tilgangur vöktunarinnar sé skýr, lögmætur og gæti meðalhófs.
- Sýni nauðsynjamat að tilgangur vöktunarinnar sé innan ramma laganna sendir starfsmaður Búseta skjal með fjölda véla og staðsetningu.
- Búsetufélag, í samvinnu við Búseta fær tilboð í vélar og uppsetningu.
- Seljandi myndavélakerfis skal sýna fram á að kerfið og öll þjónusta tengd því uppfylli kröfur persónuverndarlaga.
- Ákvörðun um rafræna vöktun og áætlað verð þarf að hafa verið samþykkt á löglegum húsfundi áður en hún er innleidd.

Samstarf og framkvæmd

- Fræðsla til íbúa er nauðsynleg áður en vöktun hefst. Búseti á til fræðsluefni sem búsetufélög geta nýtt sér. Gæta skal að því að slíkt fræðsluefni hafi borist íbúum áður en vöktun fer í gang.
- Kerfi og merkingar skulu sett upp í samvinnu við Búseta. Áður en vöktun hefst skal ganga úr skugga um að myndavélar vakti einungis skilgreint svæði og endurspegli það sem lýst er í nauðsynjamati.

- Viðeigandi merkingar þurfa að vera sýnilegar áður en komið er inn á svæðið sem vöktunin nær yfir. Þær skulu innihalda QR kóða sem leiðir inn á frekari upplýsingar um vöktunina.
- Merkingum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum áður en vöktun hefst.
- Tryggja þarf að nýir íbúar fái fræðslu um tilvist og tilgang vöktunarinnar.
- Allar viðbætur eða breytingar á kerfinu verða að fara fram í samvinnu við Búseta.
- Starfsmaður Búseta hefur einn aðgang að kerfinu. Verði talin þörf á að skoða myndefni vegna atvika sem upp koma skal beiðni þess efnis send á viðkomandi starfsmann. Hann metur hvort ástæða sé til að fletta upp myndefni og tekur málið áfram í samráði við hlutaðeigandi aðila innan Búseta.

Ábyrgð og viðurlög

- Ef farið er út fyrir skilgreint verklag eða rafræn vöktun er sett upp án vitundar Búseta, verður viðkomandi einstaklingur persónulega ábyrgur sem ábyrgðaraðili vöktunarinnar.
- Í slíkum tilfellum ber Búseti enga ábyrgð á rafrænu vöktuninni.
- Komi í ljós að vöktun hafi verið sett upp án vitundar Búseta, hefur Búseti heimild til að fjarlægja myndavélarnar.

Gátlisti fyrir notkun eftirlitsmyndavéla (frá Persónuvernd)

- Tilgangur vöktunar verður að vera skýr, málefnalegur og lögmætur, til dæmis að koma í veg fyrir þjófnað eða að tryggja öryggi manna og eigna.
- Gæta þarf meðalhófs og ekki má ganga lengra heldur en þörf krefur til að forðast óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra sem sæta vöktuninni.
- Nauðsynlegt er að fræða þá sem eru á vöktuðum svæðum um vöktunina. Einnig þarf að gera viðvart um vöktunina með merki eða á annan áberandi hátt.
- Myndefni skal aðeins skoða ef sérstakt tilefni er til þess og bara af þeim sem hafa heimild til þess. Þegar myndefni er skoðað skal skrásetja upplýsingar um ástæður þess og hvenær skoðun fór fram.
- Ekki má geyma myndefni lengur en í 30 daga nema í sérstökum tilvikum, t.d. með heimild í lögum.
- Þegar eftirlitsmyndavélar eru nettengdar þarf að tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að myndefni þeirra.
- Opinber birting á myndefni, t.d. á Netinu, er óheimil nema með samþykki þeirra sem eru á upptökunni. Það má alltaf afhenda lögreglu myndefni.
- Sá sem er vaktaður á rétt á að skoða gögnin, t.d. upptökur sem verða til um hann, nema hagsmunir annarra vegi þyngra.
- Gæta þarf þess að sjónsvip eftirlitsmyndavélar fari ekki út fyrir lóðamörk eða út fyrir sameign.
- Vöktun með leynd er óheimil